

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

253. FUNDUR.

253. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 2.lið fundartíma næsta fundar sveitarstjórnar. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og undirfyrirtækja 2014. Síðari umræða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2014“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

„Niðurstaða ársreiknings Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2014 sýnir að rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi. Afgangur frá rekstri samstæðu A og B hluta var samtals 102 millj. kr. samanborið við jákvæða afkomu ársins 2013 að fjárhæð kr. 105 millj.

Niðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um kr. 85,8 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 4,3 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er sem áður segir jákvæð um kr. 102 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 9,6 millj. kr. Rekstrarhagnaður A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er kr. 73,2 millj. Afskriftir námu alls kr. 43,4 millj. Rekstrartekjur voru um 84 millj. kr. hærri en ráð var fyrir gert, útsvar er 12 millj. kr. herra en í áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs eru kr. 44 millj. hærri en í áætlun og aðrar tekjur kr. 28 millj. hærri. Rekstargjöld eru 11,6 millj. kr. hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir sem skýrist af mismun á bókfærðu verði og söluverði Laugarbakkaskóla og einnig af hækkun lífeyrisskuldbindinga. Almennur rekstur var undir áætlun. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur hjá A og B hluta námu alls kr. 12 millj. samanborið við 32 millj. árið 2013 og 39 millj. árið 2012.

Sé litið til niðurstöðu ársreiknings ársins 2014 hafa markmið sveitarstjórnar Húnaþings vestra um áframhaldandi ábyrga fjármálastjórn náðst og er það afar ánægjulegt. Í því samhengi má nefna að engin ný lán voru tekin á árinu 2014.

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2014 eru alls kr. 756 millj. og hafa þær lækkað frá árinu 2013 um kr. 4 millj. Lífeyrisskuldbindingar nema í árslok 2014 kr. 103 millj. langtímaskuldir kr. 472 millj. og hafa þær lækkað um 46 milljónir á milli ára, og skammtímaskuldir eru kr. 181 millj. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2014 nam kr. 928,5 millj sem er 103,5 millj hærra en við árslok 2013. Handbært fé í árslok 2014 var kr. 203,6 millj. en var í upphafi árs kr. 187,4 millj. og hefur það aldrei verið hærra hjá sveitarfélaginu. Fjárfestingar ársins 2014 voru kr. 134,6 millj samanborið við 28,8 millj árið 2013. Hlutfall veltufjár frá rekstri samstæðunnar er 14% sem er sambærilegt við árið 2013 en viðmið sem gjarnan er haft til hliðsjónar er 10%.

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur náð eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í landinu. Samkvæmt viðmiðum nefndarinnar hefur hún afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A og B hluta er umfram 150%. Í Húnaþingi vestra er þetta hlutfall nú 60% skv. ársreikningi 2014 en var 64% á árinu 2013 og 76% á árinu 2012. Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta í Húnaþingi vestra hefur aldrei verið lægra frá því að reikningsskilum sveitarfélaga var breytt árið 2002. Meðal skuldahlutfall sveitarfélaga skv. samantekt innanríkisráðuneytisins á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2014 var um 183% í A og B hluta. Lækkandi skuldahlutfall undanfarin ár er grunnforsenda þess að á næstu árum verði hægt að fara í þær fjárfreku framkvæmdir sem settar hafa verið á áætlun svo sem lagningu hitaveitu til sveita og stækkun íþróttahúss. Ábyrg fjármálastjórn undanfarinna ára gerir framkvæmdir af þeim toga mögulegar með lágmarks lántöku.

Það er því ljóst að staða sveitarfélagsins er góð og í jafnvægi. Ber að þakka stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir aðhald og skynsemi í rekstri á árinu 2014. Þrátt fyrir þessa þryðilegu niðurstöðu ársreiknings Húnaþings vestra fyrir árið 2014 er full ástæða til að vara við mögulegum áhrifum ytri þátta á framtíðarrekstur sveitarfélagsins. Þar skal sérstaklega nefna verðbólgu- og launaþróun sem og vaxtastig en þá þætti þarf sveitarstjórn m.a. að hafa í huga við ákvarðanatöku um rekstur og fjárfestingar á næstu árum. Mikilvægast er að varðveita þann góða árangur sem náðst hefur í fjármálastjórn sveitarfélagsins á síðustu árum og forðast að auka rekstrarkostnað og skuldasöfnun með tilheyrandi fjármagnsgjöldum og kostnaði. Eftirsóknarverðara er að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélagsins enn frekar og lækka greiðslu og vaxtabyrði eins og kostur er. Þannig er hægt að leggja grunn að aukinni getu sveitarfélagsins til fjárfestinga og framkvæmda með hag íbúanna að leiðarljósi.

2. Samþykkt að taka á dagskrá. Tillaga borin upp um að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði haldinn þriðjudaginn 19. maí kl. 15:00 í fundarsal Ráhússins. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:17

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Valdimar Gunnlaugsson.

Ingimar Sigurðsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari